

Föstudaginn 31. október 1980.

Nr. 175/1978. **Z-húsgögn h/f**

(Stefán Pálsson hdl.)

gegn

Zetu s/f

(Othar Örn Petersen hdl.).

Firma. Vörumerki. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1978. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og að viðurkenndur verði réttur sinn til að nota heitið Z-húsgögn h/f. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Samkvæmt ljósriti úr hlutafélagaskrá hefur Þorvarður R. Jónsson ásamt fleirum stofnað hlutafélagið Z-Garðinubrautir h/f, sem á heimili í Reykjavík. Eru samþykktir þess félags dagsettar 28. febrúar 1978. Enn fremur er fram komið, að Theodór Marinósson hefur staðið að stofnun hlutafélagsins X-Brautir og gluggatjöld h/f, sem einnig á heimili í Reykjavík. Samþykktir þess félags eru dagsettar 30. desember 1977. Nafni félagsins var síðar breytt í Z-Brautir og gluggatjöld h/f.

Svo sem greint er í héraðsdómi og einnig kom fram í málflutningi stefnda fyrir Hæstarétti, hætti hann atvinnurekstri um áramót 1977—1978, eða fyrir nærfellt þremur árum. Er ekkert komið fram í málinu, sem veiti ástæðu til að ætla, að atvinnureksturinn verði hafinn að nýju. Þar sem stefndi samkvæmt þessu hefur hætt að nota firma sitt í atvinnurekstri, verður ekki talið, að notkun áfrýjanda á hinu skráða firma sínu valdi hættu á því, að villst verði á fyrirtækjunum. Þeg-

ar af þessum ástæðum getur stefndi ekki krafist þess með skírskotun til 2. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903 og 9. gr. laga nr. 84/1933, nú 30. gr. laga nr. 56/1978, að áfrýjanda verði dæmt óheimilt að nota hið skráða firma sitt.

Vörumerki málsaðilja eru eigi svo lík, að hætt sé við, að villst verði á þeim. Verður því ekki fallist á það með stefnda, að 4. gr. laga nr. 47/1968 leiði til þess, að hann geti krafist, að áfrýjanda verði bönnuð notkun vörumerkis síns. Breytir það eitt sér engu um þetta, að bókstafurinn Z er í báðum merkjunum, sbr. 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 13. gr. nefndra laga. Með skírskotun til þess, sem áður var sagt um firma stefnda, renna ákvæði 4. tl. 14. gr. laga nr. 47/1968 eða 30. gr. laga nr. 56/1978 ekki heldur nægum lagastoðum undir þá kröfu stefnda, að áfrýjanda verði bönnuð notkun vörumerkis síns. Verður samkvæmt framansögðu að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda í málinu.

Eins og háttað er kröfugerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kemur ekki til álita sú krafa hans fyrir héraðsdómi, að stefnda verði dæmt óheimilt að nota vörumerki sitt og skráning þess verði felld úr gildi. Þar sem enn fremur verður að skilja kröfu hans um dómsviðurkenningu á rétti sínum til að nota heitið Z-húsgögn h/f á þann veg, að sú krafa beinist eingöngu að áfrýjanda, eru ekki efni til að taka afstöðu til þeirrar kröfu frammar en þegar hefur verið gert.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Z-húsgögn h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Zetu s/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og
Sigurgeirs Jónssonar.**

Fallast má á þá úrlausn héraðsdóms með vísan til 9. gr.

laga nr. 84/1933, nú 30. gr. laga nr. 56/1978, sbr. 10. gr. laga nr. 42/1903, að áfrýjanda sé óheimilt að nota bókstafinn Z í heiti sínu. Þar sem telja verður, að stefndi hafi enn hagsmuni af úrlausn máls þessa, þótt starfsemi fyrirtækisins hafi legið niðri um hríð, verður áfrýjanda dæmt að afmá nafn sitt Z-húsgögn úr hlutafélagaskrá, sbr. 6. gr. laga nr. 42/1903, sbr. og nú 148. gr. laga nr. 32/1978.

Vörumerki málsaðilja, sem um er fjallað í máli þessu, eru eigi svo lík, að hætta sé á, að villst verði á þeim, þótt bókstafurinn Z sé í báðum merkjunum. Verður ekki talið, að skráning merkis áfrýjanda brjóti í bága við ákvæði 4. og 6. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 47/1968 eða 9. gr. laga nr. 84/1933, nú 30. gr. laga nr. 56/1978. Ber því að sýkna áfrýjanda af þessum þætti krafna stefnda.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 26. júlí 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. f. m., hefur Zeta s/f, Ármúla 42 hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 2. mars 1976, á hendur Z-húsgögnum h/f hér í borg. Eru dómkröfur stefnanda þessar:

Að stefnda verði dæmt skylt að láta afmá firmanafnið Z-húsgögn h/f úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur, að stefnda verði talið óheimilt að nota firmanafnið Z-húsgögn á samkeppnisviðinu, hvort heldur sem er í auglýsingum, bréfhausum eða á annan hátt, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eða samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Með stefnu, útgefinni 4. febrúar 1977, höfðaði stefndi gagnsök í málinu. Eru dómkröfur hans í gagnsök þær, að viðurkenndur verði réttur hans til að eiga og nota hlutafélagsheitið Z-húsgögn h/f og verði aðalstefnanda dæmt óheimilt að nota vörumerkið Z og skráning þess verði felld úr gildi. Þá krefst gagnstefnandi og málskostnaðar úr hendi gagnstefnda.

Í gagnsök krefst gagnstefndi sýknu af kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Með stefnu, útgefinni 29. ágúst 1977, höfðaði aðalstefnandi framhaldssök og gerði þær dómkröfur:

Að aðalstefnda, Z-húsgögnum h/f, verði dæmt skylt að láta afmá úr vörumerkjaskrá vörumerkið „Z-húsgögn“ nr. 193/1976 og aðalstefnda dæmt óheimilt að nota það merki sem nafn á fyrir-tæki sínu. Aðalstefnandi krefst málskostnaðar úr hendi aðalstefnda í framhaldssök.

Af hálfu aðalstefnda eru þær dómkröfur gerðar í framhaldssök, að hann verði sýknaður af kröfum aðalstefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnanda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 29. janúar 1964 var skráð í firmaskrá Reykjavíkur firmað Zeta s/f, rekið af Theodór Marinóssyni og Þorvarði Ragnari Jónssyni með ótakmarkaðri ábyrgð til framleiðslu og smásölu á vörum til húsagerðar. Var tilkynning um þetta birt í Lögbirtingablaðinu 13. febrúar 1964. Hinn 9. september 1975 var skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur hlutafélagið Z-húsgögn, er rekið skyldi til húsgagnaframleiðslu og skylds atvinnurekstrar. Var tilkynning um það birt í Lögbirtingablaðinu.

Hinn 29. janúar 1976 fékk aðalstefnandi skráð í vörumerkjaskrá vörumerkið nr. 53/1976:



Var vörumerkið skráð fyrir eftirfarandi vörur:

„Smíði, uppsetningu og sölu gluggatjaldastanga. Húsgögn og efni. Afsteypur af listaverkum í leirblöndu. Gluggatjöld, rúmteppi, dúkar. Bönd, blúndur, þrýstilásar. Teppi, baðmottur. Vinnsla og meðferð efna og hluta. (Fl. 20, 21, 24, 26, 27, 40)“.

Hinn 29. júní 1976 fékk aðalstefndi skráð í vörumerkjaskrá, vörumerkið nr. 193/1976:



Var vörumerkið skráð fyrir „Húsgögn. (Fl. 20)“.

Hinn 5. nóvember 1975 ritaði lögmaður aðalstefnanda aðalstefnda bréf. Taldi hann ljóst, að firmanafn aðalstefnda væri svo líkt firmanafni aðalstefnanda, að veruleg hættu væri á, að firmun-

um yrði ruglað saman í viðskiptum, enda hefðu fyrirsvarsmenn aðalstefnanda þegar orðið þess varir. Væri og augljóst, að með skráningu firmanafns aðalstefnda hefði verið brotið gegn rétti aðalstefnanda, sem tryggður væri með ákvæðum 10. gr. laga nr. 42/1903 um firma og verslunarskrár o. fl. og 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum. Var þess óskað, að aðalstefndi léti afmá firmanafnið Z-húsgögn h/f og tæki upp annað nafn á firmanu, sem ekki væri hætta á, að ylli ruglingi við nafn aðalstefnanda. Ekki varð aðalstefndi við þessari málaleitan.

Hinn 16. mars 1976 ritaði lögmaður aðalstefnda iðnaðarráðherra bréf, þar sem hann fór þess á leit með vísan til 44. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, að ráðherrann felldi úr gildi þá ákvörðun vörumerkjaskrárritara 30. janúar 1976, er leiddi til þess, að firmað Zeta s/f fékk viðurkennt vörumerki með bókstafnum Z á svörtum ferhyrningi, sem m. a. væri skráð fyrir húsgögn og efni. Væri ljóst, að aðalstefnandi væri með þessu að reyna að ná betri fótfestu í þeirri baráttu að svipta aðalstefnda rétti til að nota bókstafinn Z í nafni sínu. Væri mjög villandi, að aðalstefnandi fengi að nota vörumerki sitt fyrir húsgögn og húsgagnaframleiðslu, og hefði hann engan rétt til þess. Hefði aðalstefndi um nokkurt skeið framleitt Z-húsgögn, sem væru orðin þekkt á markaðnum. Af hálfu aðalstefnanda var þessari kröfu aðalstefnda mótmælt.

Með bréfi vörumerkjaskrárritara 3. maí 1976 var kröfu lögmanns aðalstefnda hafnað. Kemur fram í bréfi þessu, að umsókn um skráningu vörumerkis aðalstefnanda hafi borist vörumerkjaskrárritara 24. október 1975 og hafi það verið auglýst með lögboðnum hætti í Lögbirtingablaðinu 28. nóvember s. á. Ekki hafi verið borin fram andmæli gegn skráningunni og að liðnum tveimur mánuðum hafi merkið verið skráð. Þar sem merkið hefði þannig verið löglega skráð og ekki vitað um nein þau atvik eða ástæður, er varða skyldu því, að merkið skyldi afmá úr vörumerkjaskrá ex officio, stæðu lög ekki til, að iðnaðarráðherra breytti ákvörðun um skráningu vörumerkis aðalstefnanda, heldur heyrði ágreiningurinn um gildi skráningarinnar undir dómstóla.

Þorvarður Ragnar Jónsson, annar eigandi aðalstefnanda, hefur skýrt svo frá, að fyrirtækið hafi flutt inn hurðir, gólflista og eldhúsinnréttingar, en síðar hafi það framleitt gluggatjaldastengur og selt þær ásamt gluggatjöldum. Þá hafi það flutt inn afsteypur af listaverkum. Ætlunin hafi verið að flytja

inn hluti til húsgagnagerðar og setja saman, svo sem stálhúsgögn, skrifstofuborð, en sá þáttur starfseminnar hafi ekki verið byrjaður. Atvik að nafngift firmans kveður hann hafa verið þau, að þeir eigendurnir hafi flutt inn efni í gluggatjaldabrautir frá þýskum framleiðanda, sem hafi í merki sínu stafina H, M og Z. Sú gerð gluggatjaldabrauta, sem þeir hafi aðallega flutt inn, hafi verið nefnd Zet Lauf-Sehienen. Þegar að því kom að gefa firma þeirra félaga nafn, hafi þeir ákveðið að nota orðið Zeta. Þorvarður kveður menn hafa ruglað saman fyrirtækjum aðilja. Hafi þetta komið fram í því m. a., að til aðalstefnda hafi verið borin bréf, sem áttu að fara til aðalstefnanda. Einnig hafi bréf, sem áttu að fara til aðalstefnda, verið lögð í pósthólf aðalstefnanda. Einnig kveður hann það hafa komið fyrir, að hann hafi greitt reikning, sem aðalstefndi átti að greiða. Þá hafi það gerst, eftir að auglýsing um skrásetningu aðalstefnda birtist í Lögbirungablaðinu, að mikið hafi verið hringt og spurt um það, hvort aðalstefnandi væri farinn að framleiða húsgögn. Hafi þetta valdið töfum og óþægindum. Þá hafi það einnig komið fyrir, að aðalstefnandi hafi verið krafinn um greiðslu opinberra gjalda fyrir mann, sem starfaði hjá aðalstefnda.

Theodór Steinar Marinósson, hinn eigandi aðalstefnanda, hefur skýrt svo frá, að það komi mjög oft fyrir, að hringt sé til aðalstefnanda, þegar menn ætli að hringja til aðalstefnda. Þá hafi það komið fyrir einu sinni, að aðalstefnandi hafi borist peningar með símaávisun, sem hafi átt að fara til aðalstefnda.

Örn Zebitz, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri aðalstefnda, hefur skýrt svo frá, að hann hafi um tveggja ára skeið rekið óskrásett firma undir nafninu Bólstrun Arnar W. Zebitz. Viðskiptavinir hafi gjarnan stytt nafnið og skrifað Bólstrun Z. Því hafi sú hugmynd vaknað hjá honum og félögum hans, sem stofnuðu hlutafélagið, að láta það heita Z-húsgögn h/f. Fyrirtækið kveður hann framleiða bólstruð húsgögn. Hann kveðst hafa vitað, að firma aðalstefnanda starfaði hér í borg, en sér hafi ekki fundist þar vera um sama nafn að ræða. Kveðst hann ekki hafa orðið var við, að nöfn fyrirtækjanna hafi valdið ruglingi. Það hafi að vísu komið fyrir einu sinni eða tvisvar, að hringt hafi verið, en er hann hafi sagt nafn fyrirtækisins, hafi sá, sem hringdi, ekki borið upp erindi. Hann kveður það aldrei hafa komið fyrir, að fyrirtæki hans hafi fengið bréf, sem hafi átt að fara til aðalstefnanda.

Krafa aðalstefnanda í aðalsök er byggð á því, að augljóst sé,

að óheimilt hafi verið að skrá firmanafnið Z-húsgögn h/f í firma-skrá hér í borg, þar sem það líkist svo firmanafninu Zeta s/f. Það hafi og fljótlega komið í ljós, að viðskiptavinir aðalstefnanda og aðrir hafi farið að rugla saman þessum tveimur fyrirtækjum til mikilla óþæginda og tjóns fyrir aðalstefnanda. Þannig hafi aðalstefnanda borist bréf, sem rituð hafi verið aðalstefnda. Einnig hafi aðalstefnandi verið krafinn um skuldir aðalstefnda og hafi komið fyrir, að aðalstefnandi greiddi reikning, sem aðalstefndi átti að greiða. Þá hafi aðalstefnandi og verið krafinn um greiðslu opinberra gjalda, sem starfsmaður aðalstefnda hafi átt ógreidd. Þá verði aðalstefnandi svo að segja daglega fyrir óþægindum vegna símhringinga manna, sem vilji ná sambandi við aðalstefnda. Þess hafi verið farið á leit við fyrirsvarsmenn aðalstefnda, að þeir létu afmá nafn félagsins úr hlutafélagaskrá og tækju í stað þess upp nafn á félaginu, sem væri ólíkt nafni aðalstefnanda, en þeir hafi ekki viljað fallast á það. Því hafi verið óhjákvæmilegt að höfða mál þetta. Er krafa aðalstefnanda byggð á 10. gr. laga nr. 42/1903 um firma, verslanaskrár o. fl. og 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum.

Sýknukrafa stefnda í aðalsök er byggð á því, að aðalstefnandi geti ekki öðlast einkarétt til notkunar bókstafsins Z sem firmanafns eða vörumerkis. Þá sé tilgangur rekstrar firma aðalstefnanda mjög fjarlægur tilgangi rekstrar firma aðalstefnda. Tilgangur með rekstri aðalstefnanda sé takmarkaður við húsagerð, en aðalstefnda húsgagnaframleiðsla og skyldur atvinnurekstur. Nöfn fyrirtækjanna séu mjög ólík í allri gerð og þótt einhverjum kynni að verða á að rugla þeim saman, þá sé um svo mikið aðgæsluleysi að ræða, að dómstólar geti ekki tekið tillit til þess. Er því mótmælt, að nokkur ruglingur hafi orðið á bréfum eða reikningum til þeirra.

Krafa gagnstefnanda er byggð á því, að skráning vörumerkis aðalstefnanda hafi verið löglaus, því gagnstefnandi hafi verið búinn að skrásetja bókstafsmerkið Z í hlutafélagsnafni sínu, sbr. ákvæði 2. mgr. 3. gr. 13. gr. og 14. gr. vörumerkjalaga. Hafi aðalstefnandi því með ölögmætum hætti fengið skráð vörumerki sitt fyrir margs konar vörur, sem séu óskyldar skráðum tilgangi hans, þar á meðal húsgögn. Skráning og notkun vörumerkis aðalstefnanda sé því andstætt ákvæðum vörumerkjalaganna. Sé skráning vörumerkis aðalstefnanda, er ætlað sé til nota, sem ekki séu í neinu samræmi við skráðan tilgang aðalstefnanda, ætluð til þess að reyna að hasla sér þar völl til að útiloka rétt gagnstefn-

anda, sem frammar aðalstefnanda eigi rétt til að nota bókstafinn Z sem vörumerki. Beri því að fella úr gildi skráningu vörumerkis aðalstefnanda skv. 25. og 37. gr. vörumerkjalaga.

Sýknukrafa gagnstefnda er byggð á því, að hann hafi þegar hinn 29. janúar 1964 fengið skráð firmaheiti sitt Z s/f. Af því leiði, að öðrum hafi verið óheimilt að taka bókstafinn Z eða orðið Zeta upp í firmanöfn sín, sbr. 2. mgr. 10. gr. firmalaga nr. 42/1903. Skráning gagnstefnanda á heitinu Z-húsgögn h/f í firma-skrá hafi farið í bága við þetta ákvæði firmalaga. Því geti gagnstefnandi ekki byggt neinn rétt á þeirri firmaskráningu, enda firmanafn gagnstefnda 11 árum eldra og njóti því betri réttar. Þá fái það ekki staðist, að skráning vörumerkis gagnstefnda sé ólögleg, þar sem vörur þær, sem merkið verndar, séu óviðkomandi og óskyldar skráðum tilgangi Zeta s/f. Samkvæmt 15. gr. vörumerkjalaga skuli skrá vörumerki í ákveðnum flokki eða flokkum vara, en flokkar þessir séu ákveðnir af ráðherra. Sé samkvæmt þeim heimilt að skrá vörumerki í alls 42 flokkum vara eða þjónustu og sé byggt á svonefndu Nissasamkomulagi. Geti þeir, sem sækja um skráningu vörumerkja, valið úr þessum flokkum einstaka flokka, sem þeir óska, að vernd merkisins nái til, eða valið þá alla. Ekki sé neitt skilyrði sett í vörumerkjalögin um það, að firmu megi ekki fá skráð merki sín fyrir aðrar vörur en þær, sem þeir versla með eða framleiða. Það sé staðreynd, að títt sé, að firmu færi út upphaflega starfsemi sína og sé þeim því nauðsyn að fá vernd fyrir aðrar vörur en þau selja eða framleiða á þeim tíma. Gagnstefndi hafi því átt fullkominn rétt á að fá vörumerki sitt skráð, hvort sem hann vildi í öllum vöruflokkunum eða einungis þeim, sem merkið er skráð fyrir. Verði réttur þessi ekki af honum tekinn, enda skráning vörumerkis hans á engan hátt andstæð ákvæðum vörumerkjalaga.

Krafa aðalstefnanda í framhaldssök er byggð á því, að óheimilt hafi verið að skrá vörumerkið nr. 193/1976 „Z-húsgögn“, þar sem bókstafurinn Z í merkinu gefi tilefni til að ætla, að átt sé við firmað Zeta s/f, sbr. 14. gr., 4. tl., laga um vörumerki nr. 47/1968. Enn fremur hafi verið óheimilt að skrá merkið af þeim ástæðum, að það hafi verið of líkt eldra vörumerki aðalstefnanda, myndmerki af Z nr. 53/1976, er m. a. hafi verið skráð fyrir vörur í 20. flokki þann 29. janúar 1976, sbr. 6. lið 14. gr. vörumerkjalaga. Einnig fari notkun gagnstefnanda á merkinu Z-húsgögn í bága við 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum

verslunarháttum. Samkvæmt 25. og 37. gr. vörumerkjalaga beri að taka kröfu aðalstefnanda í framhaldssök til greina.

Sýknukrafa aðalstefnda í framhaldssök er byggð á rökum þeim, sem fram koma með kröfu hans í gagnsök.

Við munnlegan flutning málsins kom fram af hálfu aðalstefnanda, að eigendur Zetu s/f hættu rekstri fyrirtækisins um síðustu áramót og hafi hvor fyrir sig stofnað ný fyrirtæki, Z-Brautir og gluggatjöld og Z-garðínubrautir. Eigendurnir eigi firmað Zeta s/f enn, þótt unnið sé að slitum þess, og kunni það að verða selt, ef ekki verður samkomulag um, að annar hvor taki við því. Þeir telji firmað mikils virði, því það hafi aflað sér „goodwill“ eftir þrettán ára starfsemi. Þeir telji sér því enn heimilt að verja firmað gegn ólögætum aðgerðum annarra.

Mál þetta var höfðað, á meðan á rekstri firma aðalstefnanda stóð. Þótt rekstri firmans hafi nú verið hætt og unnið sé að slitum félagsins, þá þykir ekki fram komið, að firmað hafi glatað sjálfstæðri tilveru sinni. Þykja því enn slíkir hagsmunir tengdir firmanu, að eigendum þess sé enn heimilt að verja það gegn meintum ólöglegum aðgerðum annarra.

Um aðalsök.

Þorvarður Ragnar Jónsson, annar eigandi aðalstefnanda, hefur skýrt svo frá, að fyrirtækið hafi flutt inn og selt hurðir, gólf-lista, eldhúsinnréttingar, en síðar hafi verið hafin sala á gluggatjaldastöngum og gluggatjöldum. Verður að líta svo á, að verslun með þessar vörutegundir sé svo skyld skráðum tilgangi rekstrar aðalstefnanda, að heimilt sé að leita verndar fyrir firma aðalstefnanda gagnvart firma aðalstefnda. Orðið Zeta, sem er skráð firma aðalstefnanda, er heiti bókstafsins Z. Var firma aðalstefnanda skráð mörgum árum áður en firma aðalstefnda var skráð. Verður að telja, að firma aðalstefnanda hafi verið búin að afla sér viðskiptavildar á þeim tíma. Þótt ekki verði fallist á, að skráning firma aðalstefnanda skapi honum einkarétt til notkunar bókstafsins Z á sviði viðskipta fyrirtækisins, þá þykir verða að fallast á það með aðalstefnanda, að notkun bókstafsins Z í firma aðalstefnda, sem starfrækt er á líku sviði og rekstur aðalstefnanda, sé fallin til að valda ruglingi á firmum aðilja. Með vísan til 2. mál. 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum verður því að telja aðalstefnda óheimilt að nota bókstafinn Z í firmanafni sínu með þeim hætti sem gert er. Samkvæmt því og með vísan til 6. gr. laga nr. 42/1903 ber að dæma

aðalstefnda til að afmá firmaheitið Z-húsgögn úr firmaskrá Reykjavíkur. Af hálfu aðalstefnanda hefur ekki verið gerð slík grein fyrir mörkum samkeppnisviðs firma aðilja, að unnt sé að taka kröfu hans um það atriði til greina frekar en gert er. Afstaða til málskostnaðar í aðalsök verður tekin síðar.

Um gagnsök og framhaldssök.

Eins og málavöxtum er háttað, þykir rétt að taka afstöðu til gagnsakar og framhaldssakar saman.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir vörumerkjum þeim, sem aðiljar fengu skrásett. Þegar litið er til niðurstöðu aðalsakar málsins, þykir ekki unnt að taka til greina kröfu gagnstefnanda um viðurkenningu á rétti hans til að nota hlutafélagsheitið Z-húsgögn. Þykir gagnstefnandi af sömu ástæðu ekki eiga lögvarða kröfu til, að aðalstefnanda verði talið óheimilt að nota vörumerkið nr. 53/1976 og að skráning þess verði felld úr gildi. Hins vegar verður að líta svo á með vísan til niðurstöðu aðalsakar í málinu, að skráning vörumerkis aðalstefnda hafi brotið í bága við rétt aðalstefnanda til firmanafnsins Zetu s/f skv. 4. tl. 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og 2. ml. 9. gr. laga nr. 84/1933. Samkvæmt 25. og 37. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki þykir því bera að taka kröfu aðalstefnanda í framhaldssök til greina.

Eftir þessum úrslitum málsins verður aðalstefndi dæmdur til að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök, gagnsök og framhaldssök, sem ákveðist í einu lagi kr. 150.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Jóni Arnalds lögfræðingi og Ægi Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Í aðalsök skal aðalstefnda, Z-húsgögnum h/f, óheimilt að nota bókstafinn Z í firmanafni sínu svo sem gert er, og skal aðalstefnda skylt að afmá firmanafnið úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Zeta s/f, vera sýkn af kröfum gagnstefnanda.

Í framhaldssök skal aðalstefnda skylt að afmá vörumerkið nr. 193/1976 úr vörumerkjaskrá, og skal aðalstefnda óheimilt að nota það merki sem nafn á fyrirtæki sínu.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda, Zetu s/f, kr. 150.000 í málskostnað í aðalsök, gagnsök og framhaldssök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.